
HÁSKÓLI ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS

SÆMUNDARGÖTU 2, 101 REYKJAVÍK

KENNITALA 600169 - 2039

SÍMI 525 4757 NETFANG ingoa@hi.is

Háskóli Íslands, Stakkahlíð 1

Utanhússviðgerðir 2011

Útboðs- og verklýsing Tilboðsskrá

Verkkaupi: Háskóli Íslands

Umsjón: Ríkiskaup

Ráðgafar: Ferill ehf.

EFNISYFIRLIT

HÁSKÓLI ÍSLANDS

HÁSKÓLI ÍSLANDS	I
SÆMUNDARGÖTU 2, 101 REYKJAVÍK	I
0. ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR	1
0.1 YFIRLIT	1
0.1.1..... Útboð	1
0.1.2..... Útboðsform - Útboðsyfirlit.....	1
0.1.3..... Lauslegt yfirlit yfir verkið	2
0.1.4..... Kynningarfundur - Vettvangsskoðun.....	2
0.1.5..... Verksamningur – Verkáætlun	2
0.1.6..... Framkvæmdatími	2
0.2 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA	4
0.2.1..... Verkkaupi.....	4
0.2.2..... Ráðgjafar	4
0.2.3..... Eftirlit verkkaupa	4
0.3 ÚTBOÐSGÖGN - LÖG - REGLUGERÐIR - STAÐLAR	5
0.3.1..... Útboðsgögn.....	5
0.3.2..... Skýringar á útboðsgögnum	5
0.3.3..... Uppdrættir og lýsingar	5
0.3.4..... Lög, reglugerðir og leiðbeiningar	5
0.3.5..... Undirverktakar.....	6
0.3.6..... Frávik frá stöðlum.....	6
0.4 TILBOÐ	7
0.4.1..... Gerð og frágangur tilboðs.....	7
0.4.2..... Fylgigögn með tilboði	7
0.4.3..... Auðkenni tilboðs.....	7
0.4.4..... Gildistími tilboðs	7
0.4.5..... Opnun tilboða.....	8
0.4.6..... Meðferð og mat á tilboðum.....	8
0.4.7..... Þóknun fyrir gerð tilboðs.....	8
0.5 GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR	9
0.5.1..... Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir	9
0.5.2..... Framlag verkkaupa	9
0.5.3..... Breytingar á verkinu (viðbótarverk) – aukaverk	9
0.5.4..... Frestir - Tafabætur	9
0.5.5..... Greiðslur og reikningsskil	10
0.5.6..... Verðlagsgrundvöllur	10
0.5.7..... Fyrirframgreiðsla	10

0.6	ÁBYRGÐIR - TRYGGINGAR - ÁGREININGSMÁL	10
0.6.1	ÁBYRGÐ, TRYGGINGAR OG LÖGBOÐIN GJÖLD	10
0.6.2	VERKTRYGGING	10
0.6.3	ÁGREININGSMÁL	10
0.7	VINNUSTAÐUR	11
0.7.1Athafnasvæði og vinnuaðstaða	11
0.7.2Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni	11
0.7.3Ljós, hiti, akstur, vélar og fleira	11
0.7.4 Umhirða á vinnustað	11
0.7.5 Öryggi á vinnustað	11
0.8	FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS	12
0.8.1	VERKSTJÓRN VERKTAKA OG VERKFUNDIR.....	12
0.8.2	EFNISVAL OG VINNUAÐFERÐIR	12
0.8.3	ÚTTEKT	12
0.8.4	BYGGINGARSTJÓRA – OG MEISTARASKIPTI.....	13
0.9 TEIKNINGASKRÁ	13
1.	VERKLÝSINGAR	OG
	13	TILBOÐSSKRÁ
1.1	ALMENN ATRIÐI	13
1.2	TILBOÐSSKRÁ	14
1.3	TILBOÐSSKRÁ	15
E-01	VERKSAMNINGUR	17
E-02	VERKTRYGGING	20
E-03	VERKMAPPA GÆÐAKERFIS	21

0. ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR

0.1 YFIRLIT

0.1.1 ÚTBOÐ

Háskóli Íslands v/Stakkahlíðar 1, kt: 600169-2039 óskar eftir tilboðum í háprýstipvott, múrviðgerðir og endurmálun á steinflötum, gluggum, hurðum og öðru trévirki hússins auk ýmissa minni verkþátta. Verkið skal framkvæma samkvæmt meðfylgjandi útboðsgögnum eins og list er í kafla „0.3.1 Útboðsgögn“.

0.1.2 ÚTBOÐSFORM - ÚTBOÐSYFIRLIT

ÚTBOÐSFORM

Hér er um örútbóð að ræða, sem framkvæmt er skv. Rammasamningi sbr. 2 og 6 gr. laga nr. 84/2007. Eftirtöldum aðilum, sem eru þátttakendur í Rammasamningi Ríkiskaupa nr. 14775 Viðhaldsverk ríkisins á fasteignum á höfuðborgarsvæðinu - Þjónusta verktaka er gefinn kostur á að taka þátt í þessu útbóði:

- Atafl ehf.
- Ás-smíði ehf.
- Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
- Bær byggingafélag ehf.
- Fagco ehf.
- Heggur ehf.
- Íslenskir aðalverktakar hf.
- ÍSTAK hf.
- JÁVERK ehf.
- JS-hús ehf.
- Rennsli ehf.
- S.Þ. Verktakar ehf.
- Salli ehf.
- Sandfell ehf.
- Spöng ehf.
- Sveinbjörn Sigurðsson hf.
- Vörðufell

ÚTBOÐSYFIRLIT

- | | | |
|------------------------------|---|------------------------|
| • Kynningarfundur | 13.04.2011, kl.10:00 | Sjá nánar kafla 0.1. 4 |
| • Fyrirspurnatíma lýkur | 26.04.2011 | Sjá nánar kafla 0.3.2 |
| • Svarfrestur útrunninn | 29.04.2011 | Sjá nánar kafla 0.3.2 |
| • Opnunartími tilboða | 03.05.2011, kl. 14:30 | Sjá nánar kafla 0.4.5 |
| • Upphaf framkvæmdatíma | 23. maí 2011 | Sjá nánar kafla 0.1.6 |
| • Lok framkvæmdatíma | 31. ágúst 2011 | Sjá nánar kafla 0.1.6 |
| • Tafabætur | 50.000 kr/dag | Sjá nánar kafla 0.5.4 |
| • Verðlagsgrundvöllur | Verkið verðbætist ekki | Sjá nánar kafla 0.5.6 |
| • Opnunarstaður tilboða | Ríkiskaup, Borgartún 7c, 105 Reykjavík | |

0.1.3 LAUSLEGT YFIRLIT YFIR VERKIÐ

Helstu magntölur eru:

✓ Háprýstípvottur	2.695 m ²
✓ Múrviðgerðir á köntum	220 m
✓ Fúgun milli gluggakarms og steins	500 m
✓ Endurmálun flata	2.695 m ²
✓ Endurmálun glugga	4.259 m

Utanhússviðgerðirnar felast í grófum dráttum í eftirfarandi; múrviðgerðir og endurmálun á öllu húsinu auk ýmissa smærri nauðsynlegra viðgerða, endurnýjun járna-, toppfylling og endurmálun á gluggum og öðru trévirki hússins auk ýmissa minni verkþátta. Nánari lýsingu má sjá í Verklýsingu verksins.

0.1.4 KYNNINGARFUNDUR - VETTVANGSSKOÐUN

Kynningarfundur og/eða vettvangsskoðun verða miðvikudaginn 13. apríl 2011 kl. 10.00 eins og fram kemur í grein “0.1.2 Útboðsform – Útboðsyfirlit” og verður þar mættur fulltrúi eða fulltrúar verkkaupa. Í framhaldi af fundinum gefst bjóðendum kostur á að skoða aðstæður á væntanlegum verkstað. Athygli er vakin á því að einungis er gert ráð fyrir að verkstaðurinn verði sýndur þennan dag og eru bjóðendur hvattir til að mæta og kynna sér aðstæður.

0.1.5 VERKSAMNINGUR – VERKÁÆTLUN

Þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka telst kominn á samningur um verkið sbr. grein 11.2 í ÍST 30.

Gera skal skriflegan samning um verkið og er verksamningsformið að finna á eyðublaði “„E - 01” “ sem fylgir með útboðs- og samningsskilmálum þessum.

Áður en verksamningur er undirritaður skal verktaki leggja fram verkáætlun (tíma-, greiðslu- og mannaflaáætlun) um verkið í heild, sbr. grein 13.2 í ÍST 30 ásamt því að leggja fram verktryggingu og verkmöppu gæðakerfis fyrir verkið. Verktaki skal undirrita tíma- og mannaflaáætlun og undirverktakar sem koma að meginhlutum verksins skulu einnig staðfesta hana. Verkáætlun þessi verður hluti verksamnings.

Verktaki skal fylgja verkáætluninni. Ef verkáætlun er ekki fylgt í veigamiklum verkþáttum, sem geta haft áhrif á lúkningu verksins, skal verktaki tilkynna verkkaupa um seinkunina og af hverju hún stafar. Til að komast hjá röskun á verkáætluninni skal verkkaupi tímanlega leggja fram þá hluti eða þjónustu sem samningur við verktaka segir til um. Verði dráttur á slíkri afhendingu, sem veldur seinkun á verkinu gefur hann rétt á tímaframlengingu.

Verktaki skal endurskoða verkáætlun eftir samkomulagi og ekki sjaldnar en mánaðarlega ef sýnt er að eldri áætlun fær ekki staðist og skal leggja hana fram til samþykktar hjá verkkaupa.

Samþykki á nýrri verkáætlun, sem fer fram yfir umsaminn skiladag, þýðir ekki að verkkaupi falli frá rétti sínum til tafabóta.

0.1.6 FRAMKVÆMDATÍMI

Framkvæmdatími hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en getið er í kafla 0.1.2. Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar

samkvæmt útboðs- og samningsgögnum. Þá skal aðstaða verktaka hafa verið fjarlægð og vinnusvæðið hreinsað að fullu.

0.2 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA

0.2.1 VERKKAUPI

Verkkaupi: Háskóli Íslands kt. 600169 - 2039
Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík.

Umsjón: Ingólfur B Aðalbjörnsson byggingarstjóri HÍ.
Valpór Sigurðsson deildarstjóri HÍ.

0.2.2 RÁÐGJAFAR

Eftirtaldir aðilar eru ráðgjafar verkkaupa við verkið:

Ráðgjafi: Ferill ehf.

0.2.3 EFTIRLIT VERKKAUPA

Eftirlit verkkaupa er á vegum Ingólfs B Aðalbjörnssonar byggingarstjóra HÍ og Valpórs Sigurðssonar deildarstjóra HÍ. Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið samkvæmt samningi og í samráði við eftirlitsaðila. Ef verktaki er í vafa um einstök atriði framkvæmdarinnar, hvort sem um er að ræða efnisval, útfærslur eða túlkun samningsgagna, skal hann tafarlaust leita úrskurðar eftirlitsaðilans. Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits sem falið er öðrum stjórnvöldum samkvæmt lögum eða reglugerðum.

0.3 ÚTBOÐSGÖGN - LÖG - REGLUGERÐIR - STAÐLAR

0.3.1 ÚTBOÐSGÖGN

Til útboðsgagna vegna verks þessa teljast:

- Útboðs- og samningsskilmálar þessir nr. 15059, dags. *apríl 2011*
- Verklýsing nr. 15059, dags. *apríl 2011*
- Útboðsteikningar (sjá kafla 0.9 Teikningaskrá)
- Tilboðsblað og tilboðsskrá
- Íslenskur staðall ÍST-30, 5. útgáfa 2003, með þeim frávikum sem tilgreind eru í kafla 0.3.6.
- Aðrir staðlar og gögn sem vísað er til í ofantöldum gögnum.

0.3.2 SKÝRINGAR Á ÚTBOÐSGÖGNUM

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í gögnunum sem haft getur áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda Ríkiskaupum fyrirspurn eigi síðar en þann dag sem getið er um í kafla 0.1.2. Útboðsform – Útboðsyfirlit. Fyrirspurnin skal merkt: „Útboðsfulltrúi Ríkiskaupa“ og senda með símbreffi á númerið 530-1414 eða með tölvupósti á netfangið utbod@rikiskaup.is.

Fyrirspurnir og samhljóða svör verða send öllum þeim sem sótt hafa útboðsgögn, eigi síðar en þann dag sem getið er um í kafla 0.1.2. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnunum.

0.3.3 UPPDRÆTTIR OG LÝSINGAR

Ákvæði um teikningar og villur í útboðsgögnum eru í kafla 14 í ÍST 30. Grein 14.1 gildir þó ekki sbr. 0.3.6. Aðalverktaki ber ábyrgð á fjölföldun allra þeirra gagna sem fulltrúar verkkaupa afhenda honum og það er einnig á hans ábyrgð að undirverktakar hans kynni sér öll samningsgögn.

0.3.4 LÖG, REGLUGERÐIR OG LEIÐBEININGAR

Verktaki er ábyrgur fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða sem eiga við þessa framkvæmd. Gildandi lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem gilda um framkvæmdina eru til dæmis, en ekki tæmandi talið, eftir því sem við á:

- Skipulagslög og skipulagsreglugerðir.
- Byggingarlög og byggingarreglugerðir.
- Reglugerð um brunavarnir og brunamál.
- Reglugerð um raforkuvirki.
- Reglur um holræsagerð.
- Heilbrigðisreglugerð.
- Meðferð jarðstrengja, reglur og leiðbeiningar.
- Reglur vatnsveitna og hitaveitna.
- Lögreglusamþykktir.
- Reglur Vinnueftirlits ríkisins.
- Reglur Löggildingarstofu.

- Rb-leiðbeiningarblöð og sérrit.

Bjóðendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.

0.3.5 UNDIRVERKTAKAR

Ákvæði um undirverktaka eru í kafla 12. í ÍST 30.

0.3.6 FRÁVIK FRÁ STÖÐLUM

Grein 14.1 í ÍST-30 gildir ekki eins og hún er orðuð. Í stað hennar kemur grein sem er svohljóðandi:

“Verkkaupi afhendir verktaka við upphaf verks geisladisk sem inniheldur allar teikningar, verklýsingar og önnur samningsgögn. Verktaki skal á sinn kostnað prenta út þau gögn sem þörf er á til að vinna verkið”.

Undirgreinarnar 14.1.1 og 14.1.2 gilda hins vegar óbreyttar.

Grein 29.6 í ÍST-30 gildir ekki eins og hún er orðuð. Í stað hennar kemur grein sem er svohljóðandi:

“Ef í ljós koma á verkinu leyndir gallar sem ekki var unnt að sjá fyrir lok ábyrgðartímans skal verktaki svara skaðabótum eftir almennum reglum. Fyrning á þeim skaðabótakröfum fer eftir almennum reglum”.

Grein 31.13.1 í ÍST-30 gildir ekki í þessu útboði.

ÍST-30 (ásamt öðrum stöðlum eða gögnum sem vísað er til í verklýsingum eða á teikningum) og útboðsgögn mynda eina heild og skal litið á þau í samhengi þegar útboðsgögnin eru túlkuð. Stangist ákvæði ÍST-30 á við ákvæði útboðs- og samnings-skilmála skulu ákvæði ÍST-30 víkja.

0.4 TILBOÐ

0.4.1 GERÐ OG FRÁGANGUR TILBOÐS

Tilboð skal gera í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum.

Bjóðendur skulu fylla út alla liði tilboðsskrár, sem er hluti af útboðsgögnum þessum. Litið er á óútfyllta liði tilboðsskrár sem ákvörðun bjóðanda um að innifela kostnað við þá í öðrum liðum. Bjóðendur skili inn tilboðsblaði og tilboðsskrá útfylltum á pappír og telst prentun úr tölvu fullgild. Tilboðsblað skal vera dagsett og undirritað af bjóðanda og bjóðandi skal einnig rita fangamark sitt á öll blöð tilboðsskrárinnar. Bjóðendur skulu í tilboði sínu reikna með þeim magntölum, sem gefnar eru í tilboðsskrá. Einingaverð skal vera í heilum krónum.

Í verklýsingu er í hverjum kafla gerð grein fyrir þeim reglum, sem magntölur eru reiknaðar eftir. Allar magntölur eru reiknaðar eftir málum á teikningum þar sem það á við nema þar sem sérstaklega er tekið fram að reiknað sé eftir öðrum forsendum. Telji bjóðandi t.d. efnisþörf vegna verkliðar vera meiri en fram kemur við að beita áðurnefndum reglum (t.d. vegna rýrnunar við niðurskurð) skal hann innreikna kostnað við það inn í einingarverð viðkomandi verkliða.

Í hverjum einstökum lið skal einnig vera innifalinn allur kostnaður verktaka af viðkomandi verklið, svo sem allt efni, vinna, vélar og tæki, ljós og orka, flutningur manna og tækja, yfirstjórn verktaka, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði, förgun sorps og efnisleifa o.s.frv., nema annað sé tekið fram. Tilboðsupphæð er fundin sem summa margfelda magntalna og viðeigandi einingarverðs.

Inn í heildartilboð skal reikna virðisaukaskatt samkvæmt reglum sem um hann gilda á hverjum tíma. Allt einingarverð í tilboðsskrá skal vera með virðisaukaskatti.

Ekki er heimilt með frávíkstilboði að gera tilboð í aðra tilhögun verksins en þá sem lýst er í útboðsgögnunum.

0.4.2 FYLGIGÖGN MEÐ TILBOÐI

Bjóðendur skulu skila inn útfylltri tilboðsskrá og tilboðsblaði.

0.4.3 AUÐKENNI TILBOÐS

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi til Ríkiskaupa merkt.

Útboð Nr. 15059
Háskóli Íslands
Stakkahlíð 1
Utanhússviðgerðir 2011

Bjóðandi: Jón Jónsson ehf.
Hverfisgötu 2000
101 Reykjavík

Vakin er sérstök athygli bjóðenda á að ef þeir merkja ekki umslög sem innihalda tilboð með nafni bjóðanda, eigi þeir á hættu að tilboðum þeirra verði vísað frá.

0.4.4 GILDISTÍMI TILBOÐS

Með undirritun á framlögðu tilboði sínu skuldbindur bjóðandi sig til að standa við tilboðið í 4 vikur frá opnun tilboða.

0.4.5 ÖPNUN TILBOÐA

Tilboð skulu hafa borist til Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík eigi síðar en á þeim tíma sem getið er um í kafla 0.1.2 og verða þau opnuð þar í samræmi við kafla 7 í ÍST 30.

Geti bjóðandi ekki komið útfylltum útboðsgögnum á opunarstað til opunar, er þá heimilt að senda tilboðsblað þar sem fram kemur heildarupphæð tilboðs með símbrefi á opunarstað og skal það hafa borist áður en skilafrestur er runninn út, en bjóðandi skal þá jafnframt hafa póstlagt með ábyrgðarpóstsendingu, a.m.k. degi áður en opnun tilboða fer fram, gögn sem fylgja eiga tilboðinu og skal staðfesting þess efnis fylgja með símbrefinu sbr. 7. grein laga nr. 65/1993, "Lög um framkvæmd útboða". Séu tilboð send með pósti eða myndsendi er bjóðandi ábyrgur fyrir því að þau komist í réttar hendur fyrir opnun tilboða.

0.4.6 MEÐFERÐ OG MAT Á TILBOÐUM

Ákvæði um val á tilboði eru í kafla 9 í ÍST 30.

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs, en einingarverð er bindandi fyrir bjóðendur. Einingarverð er einnig bindandi, innan, gagnvart þeim magnaukningum og aukaverkum sem verktaki kann að verða beðinn um að framkvæma.

Við yfirferð tilboða er einingarverð bjóðenda sett inn í tilboðsskrá útboðsgagna. Hafi bjóðandi breytt magni, fellt niður línur eða bætt línur við tilboðsskrána kemur það ekki fram við yfirferð, enda er slíkt óheimilt. Verkkaupi áskilur sér engu að síður rétt til að líta á slík tilboð sem gild, enda gildi þá ákvæði greinar 0.4.1 um að útfylltir liðir teljist innifaldir í öðrum liðum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða formannmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógildi tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans.

Við meðferð og mat á tilboðum metur verkkaupi hvort bjóðandi uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í kafla 0.1.3.

0.4.7 ÞÓKNUN FYRIR GERÐ TILBOÐS

Verkkaupi greiðir ekki fyrir gerð tilboðs.

0.5 GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

0.5.1 ÝMIS GJÖLD OG KOSTNAÐUR SEM VERKKAUPI GREIÐIR

Verkkaupi leggur til verksins greiðslu eftirtalinna gjalda og kostnaðar, eins og við á hverju sinni:

- Byggingarleyfisgjald.
- Gatnagerðargjald.
- Holræsagjald.
- Heimtaugargjald rafveitu.
- Heimæðargjald hitaveitu.
- Heimæðargjald vatnsveitu.
- Mælingargjald.
- Skipulagsgjald.
- Brunabótamatsgjald.
- Iðgjald af brunatryggingu eignar á framkvæmdatíma, sbr. grein 22.2 í ÍST 30.
- Kostnað við hönnun og eftirlit.
- Stjórnunarkostnað verkkaupa.
- Fjölföldun gagna, sem verkkaupi kann að bæta við eftir að framkvæmd hefst.

0.5.2 FRAMLAG VERKKAUPA

Verkkaupi leggur ekki til efni, tæki né tækniþjónustu aðra en þá sem felst í gerð verðkönnunar þessari. Verkkaupi leggur verktaka ekki til neina aðstöðu, heldur skal verktaki gera ráð fyrir að útvega sér þessa aðstöðu sjálfur.

Verkkaupi leggur til rafmagn í töfluskáp eða tenglum þar sem þeir eru til staðar, vatn þar sem það er til staðar og svæði utanhúss fyrir aðstöðu verktaka.

Verktaki skal á sinn eigin kostnað annast allar rafmagns- og vatnslagnir frá tengipunktum að vinnusvæðum.

0.5.3 BREYTINGAR Á VERKINU (VIÐBÓTARVERK) – AUKAVERK

Komi til aukaverka eða viðbótarverka vegna breytinga á verkinu skal fylgja ákvæðum ÍST 30, kafla 16. Verði samkomulag um að verktaki vinni aukaverk eða viðbótarverk í tímavinnu, skal nota taxa, sem verktaki býður í verðboði sínu. Taxtar skulu vera jafnaðartaxtar og ekki verður greitt aukalega þótt unnið sé utan dagvinnutíma.

Álag verktaka fyrir umsjón með aðkeyptu efni og þjónustu sem verktaki hefur milligöngu um að láta vinna eða kaupa fyrir verkkaupa, skal vera 10% . Er það álag fyrir efniskaup, móttöku, meðhöndlun, geymslu, stjórnun, ágóða o.s.frv. Álag greiðist ekki á það tímargjald sem verktaki býður í verðboði sínu.

0.5.4 FRESTIR - TAFABÆTUR

Verktaki skal ljúka öllu verki sínu á tilskildum tíma samkvæmt grein 0.1.6, Framkvæmdatími. Dragist verklok fram yfir umsaminn skiladag skal verktaki greiða verkkaupa ákveðna fjárhæð í tafabætur fyrir hvern almanaksdag sem það dregst að verkinu sé að fullu lokið og að lokaúttekt geti farið fram. Fjárhæð tafabóta kemur fram í kafla 0.1.2.

Ef um er að ræða áfangaskipt verk gilda tafabótaákvæðin um skiladagsetningu hvers áfanga.

Telji verktaki sig eiga rétt á framlengingu skilafrests þá skal hann strax skýra frá því og um leið leggja fram nauðsynleg gögn er sanni réttmæti framlengingarinnar, sbr. kafla 24 í ÍST 30.

0.5.5 GREIÐSLUR OG REIKNINGSSKIL

Reikningar skulu lagðir fram samkvæmt samkomulagi á fyrsta verkfundi. Greiðsluliðir skulu reikningsfærðir eftir framvindu verksins og skilmerkilega skal koma fram hvaða liði er verið að innheimta hverju sinni.

Með hverjum reikningi skal verktaki skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í verðboðsskrá og heildargreiðslustöðu samnings. Áður en reikningur er gerður skal haft samband við eftirlitsmann verksins um mat greiðsluhlutfalls til að fyrirbyggja að leiðréttingar teji reikninga.

Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á uppgjöri magntalna.

Verkkaupi mun ekki inna af hendi neina greiðslu til verktakans fyrr en hann hefur afhent tilskilda verktryggingu.

Gerðir skulu sérstakir reikningar vegna aukaverka, viðbótarverka og þeim fylgi greinargerð um verkið á eyðublöðum sem verkkaupi afhendir og útreikningur þeirra magntalna sem reikningurinn byggist á.

Reikningar skulu skráðir á: Háskóla Íslands, kt. 600169-2039

Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík.

Vegna: Utanhúsviðgerð Háskóli Íslands, Stakkahlíð 1

0.5.6 VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

Samningsfjárhæð er á föstu verðlagi og því verða engar verðbætur greiddar til verktaka á samningstíma.

0.5.7 FYRIRFRAMGREIÐSLA

Verkkaupi innir ekki af hendi fyrirframgreiðslu í þessu verki.

0.6 ÁBYRGÐIR - TRYGGINGAR - ÁGREININGSMÁL

0.6.1 ÁBYRGÐ, TRYGGINGAR OG LÖGBODIN GJÖLD

Ábyrgð og áhætta er skilgreind í kafla 22 í ÍST 30.

0.6.2 VERKTRYGGING

Verktrygging skal miðast við 15 % af samningsupphæð og stendur óbreytt til verkloka en lækkar þá í 4 % af samningsupphæð að viðbættum viðaukum við samning og stendur þannig næstu tólf mánuði.

0.6.3 ÁGREININGSMÁL

Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á verðboðsgögnum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið samkvæmt fyrirmælum verkkaupa, sbr. kafla 32 í ÍST 30. Rísi ágreiningur um mál þetta skal því skotið til Héraðsdóms Reykjavíkur.

0.7 VINNUSTAÐUR

0.7.1 ATHAFNASVÆÐI OG VINNUAÐSTAÐA

Verktaki fær til umráða vinnusvæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað.

Verktaki skal tryggja greiðan, óhindraðan og hættulausan aðgang að húsinu allan verktímann. Hættuleg efni og verkfæri skulu aldrei látin liggja í augnsýn og er þetta sérlega mikilvægt við innganga.

Verktaki skal koma fyrir aðstöðu fyrir starfsmenn sína, geymsluskúr fyrir efni og verkfæri, rusla- og geymslugáma í samráði við eftirlitsmann verkkaupa.

Verktaki skal sjá til þess að ekki stafi hættu af vinnusvæðinu, samanber grein 0.7.5 um öryggisráðstafanir. Varðandi umgengni og umhirðu á vinnustað vísast til greinar 0.7.4.

0.7.2 HÚSNÆÐI FYRIR STARFSMENN, TEIKNINGAR OG EFNÍ

Verktaki skal, nema annað sé tekið fram í verklýsingu, leggja til allt nauðsynlegt húsnæði fyrir starfsmenn sína og til geymslu á efni, allt eins og lýst er nánar í verklýsingu. Einnig sé hentugt og nægjanlegt húsrými fyrir uppdrætti og verkfundahöld.

0.7.3 LJÓS, HITI, AKSTUR, VÉLAR OG FLEIRA

Verktaki skal, nema annað komi fram í kafla „0.5.2. framlag verkkaupa“, leggja til og kosta öll áhöld, vélar, vinnupalla, keyrslubrautir og verkfæri, sem til þarf við framkvæmdirnar, enn fremur allan flutning á mönnum og efni.

Verktaki skal þar sem við á, sjá um bráðabirgðaleiðslur fyrir vatn, skolp og rafmagn þar til lokatenging hefur farið fram.

0.7.4 UMHIRÐA Á VINNUSTAÐ

Verktaki skal ávallt sjá um að allir efnisafgangar séu fjarlægðir jafnóðum. Verktaki skal sjá svo um að umhirða á vinnustað og á lóð sé ávallt góð og skal hann fara eftir fyrirmælum eftirlitsaðila þar að lútandi. Um almenna umgengni og samvinnu á vinnustað vísast að öðru leyti til kafla 18 í ÍST-30.

0.7.5 ÖRYGGI Á VINNUSTAÐ

Orðin vinnustaður, framkvæmdastaður, byggingarstaður, athafnasvæði og verkstaður hafa sömu merkingar í þessum útboðsgögnum.

Verktaki skal gæta ýtrustu varúðar við framkvæmd verksins og hafa samráð við eftirlitsmann um allar varúðarráðstafanir eftir því sem við á. Áður en framkvæmdir hefjast ber verktaka að leggja fyrir eftirlitsmann tillögu um varúðarráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera m.a. vegna umferðar við vinnustað. Verktaki sér síðan um að varúðarráðstafanir þær sem eru taldar nauðsynlegar, sé framfylgt í tæka tíð og til hins ýtrasta.

Verktaki skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ýtrasta, bæði hvað snertir vinnuvélar og aðbúnað. Hann skal einnig hafa brunavarnir og reglur um meðferð eldfimra efna, sem viðhlítandi teljast að dómi eftirlitsmanna og skv. skilmálum vátryggingar.

Reglum og leiðbeiningum um meðferð lagna frá veitustofnunum skal fylgt í hvívetna.

Sérstök athygli er vakin á reglum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð (nr. 547/1996) sem tók gildi 1. janúar 1997. Með tilvísun í II. kafla þessara reglna er sú skylda lögð á aðalverktaka að gegna þeim skyldum sem um ræðir í 1.-3. t.l. 3. gr. í reglum þessum þ.á.m. skipun samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana og gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar eins og við á hverju sinni. Bent er á „Fræðslu- og leiðbeiningarrit nr. 17“ útgefið af Vinnueftirliti ríkisins árið 2002. Á fyrsta verkfundi, áður en framkvæmdir hefjast skal undirritað skriflegt samkomulag um fyrirkomulag þessara mála í samræmi við gildandi reglur Vinnueftirlits ríkisins hverju sinni.

0.8 FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS

0.8.1 VERKSTJÓRN VERKTAKA OG VERKFUNDIR

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í kafla 17 í ÍST 30. Verktaki og undirverktakar skulu gera ráð fyrir að þurfa að mæta á reglulegum verkfundum með fulltrúa verkkaupa meðan á verkinu stendur. Verkfundargerðir skulu gerðar skriflega og samþykktar af báðum aðilum. Fundargerðir skal senda fundarmönnum innan tveggja daga frá síðasta fundi.

0.8.2 EFNISVAL OG VINNUAÐFERÐIR

Verktaki skal ljúka verkinu að fullu í samræmi við verðkönnunar- og samningsgögn. Á framkvæmdatíma er verktaka heimilt, að höfðu samráði við eftirlitsaðila, að bjóða annað efni og aðra vinnutilhögun en verðkönnunargögn kveða á um og skal hann þá leggja fram upplýsingar um efni, vinnu og verð sbr. grein 20.4 í ÍST 30. Verkkaupi gerir samanburð á frávikum með tilliti til verðs og gæðamismunar og hefur ákvörðunarrétt um hvaða efni og aðferðir verða endanlega valin. Allan kostnað sem til fellur vegna samanburðar á öðru efni eða vinnuaðferðum skal verktaki greiða óháð samþykki eða synjun verkkaupa.

0.8.3 ÚTTEKT

Almennum kröfum um framkvæmd úttektar er lýst í kafla 28 í ÍST 30.

Verktaki skal tilkynna verkkaupa skriflega hvenær úttekt verksins geti farið fram.

Við úttekt yfir fara fulltrúar verkkaupa og verktaka (auk undirverktaka þar sem við á) allt verkið. Telji eftirlitsaðili verkkaupa að eitthvað sé vangert eða að úrbóta sé þörf, skal hann að lokinni úttekt án tafar afhenda verktaka orðsendingu (úrbótalista) um öll atriði sem lagfæra þarf.

Ef í verkinu eru þættir sem krefjast sérstakrar úttektar opinberra aðila, t.d. byggingafulltrúa, rafveitu, Löggildingarstofu, Heilbrigðiseftirlits ríkisins eða Eldvarnareftirlits skulu þessir aðilar hafa verið boðaðir til sérstakra úttekta (einn eða fleiri saman) ásamt fulltrúum verktaka og verkkaupa, áður en formleg úttekt verkkaupa fer fram. Komi fram athugasemdir frá þessum fulltrúum opinberra stofnana, geta þeir sjálfir ákveðið hvort önnur úttekt að þeim sjálfum viðstöddum skuli fara fram.

Verkinu telst lokið sé öllum eftirtöldum atriðum fullnægt:

1. Að verktaki hafi lokið öllu verki sínu í samræmi við verðkönnunargögnin.
2. Að fullnægjandi niðurstöður allra fyrirskrifaðra prófana liggi fyrir.
3. Að fullnægjandi gögnum með öllu efni sem notað var við framkvæmdina, og krafist var gagna um, hafi verið skilað. Einnig að öllum ábyrgðarskírteinum

af öllu efni sem ábyrgð er gefin á hafi verið skilað.

4. Að fyrir liggi úttekt eins og krafist er frá þeim opinberu aðilum sem hlut eiga að máli.
5. Að verkkaupa hafi verið afhentar allar upplýsingar um breytingar á útfærslum miðað við teikningar (og áður hafði verið samþykkt, svo sem um legu lagna o.fl.).

Hafi atriði 1-5 hér að framan verið staðfest sem fullafgreidd við úttektina skal verkkaupi gefa út án tafar vottorð um úttekt, úttektargerð, og telst hann þá hafa tekið við verkinu frá úttektardegi að telja og hefst þar með ábyrgðartími verksins.

Sé hinsvegar eitthvað vangert eða ekki í samræmi við lýsingar eða teikningar skal það metið af fulltrúum verkkaupa og greiðslu fyrir viðkomandi atriði haldið eftir.

Verktaki fær eðlilegan frest til þess að ljúka þeim verkum, sem talin eru ófullnægjandi við úttekt þessa, og fær þau þá greidd eftir fyrrgreindu mati, þegar staðfesting verkkaupa er fengin fyrir að hann hafi lokið viðkomandi verki.

Um dulda galla eða annað, sem kann að yfirsjáast við úttekt, en verktaki er ábyrgur fyrir, gilda ákvæði kafla 29 í ÍST 30.

Í lok ábyrgðartímans, sem er 1 ár, mun verkkaupi ásamt fulltrúum verktaka yfirfara allt verkið, en almennum ákvæðum um ábyrgð á verki er lýst í grein 28.11 og kafla 29 í ÍST 30.

0.8.4 BYGGINGARSTJÓRA – OG MEISTARASKIPTI

Byggingarstjóri og iðnmeistarar sem verktaka ber að ráða til verksins skulu samþykkja að aðrir iðnmeistarar hefji framkvæmdir við bygginguna þó ekki sé lokið að fullu þeim verkum er verktaki annast.

Byggingarstjóri og meistarar skulu fallast á byggingarstjóra- og meistaraskipti þegar þeir hafa lokið verkum sínum samkvæmt samningi og þess er óskað af verkkaupa.

Áritun byggingarstjóra og meistarara á teikningar eða umsóknareyðublöð hjá byggingarfulltrúa eða rafmagnsveitu veita ekki réttindi til frekari starfa við framkvæmdina en þessi verðkönnun nær til.

0.9 TEIKNINGASKRÁ

Eftirtaldir teikningar fylgja útboði þessu:

1. VERKLÝSINGAR OG TILBOÐSSKRÁ

1.1 ALMENN ATRIÐI

Þjóðendur skulu fylla út verðboðsskrá og reikna með þeim áætluðu magntölum sem þar eru gefnar í verðboðum sínum. Skýringar við verðboðsskrá kveða á um hvernig magn skuli reiknað og hvað skuli innifalið í einingarverði, sem er bindandi.

Öll vinna, efni, áhöld og vélar, verkpallar, skattar og skyldur, þar með talinn virðisaukaskattur, hverju nafni sem nefnast og nauðsynlegar eru til að ljúka verkinu að fullu og öllu, skal vera innifalið í verðboðinu.

Verktaki skal kynna sér allar aðstæður og aðkomuleiðir og miða tilboð sitt við það.

1.2 TILBOÐSSKRÁ

TILBOÐSBLAÐ

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi tilboð í Utanhúsviðgerðir og málun, Háskóli Íslands Stakkahlíð 1, samkvæmt meðfylgjandi útboðs- og verklýsingu.

Ég hef kynnt mér öll ákvæði útboðsgagna og í samræmi við þau býð ég að vinna verkið.

Verkliðir 1, Aðstaða á verktíma	samtals kr.	<u>0</u>
Verkliðir 7, Frágangur utanhúss	samtals kr.	<u>0</u>
Verkliðir 8, Málun utanhúss	samtals kr.	<u>0</u>
Verkliðir 9, Viðbótaverk	samtals kr.	<u>0</u>
Heildartilboðsfjárhæð, verkliðir 1 til 9.	samtals kr.	<u>0</u>

Heildartilboðsfjárhæð í bókstöfum

Staður og dagsetning

Nafn fyrirtækis og sími

Undirskrift

1.3 TILBOÐSSKRÁ**Tilboðsskrá**

Nr.	Verkþáttur	Magn	Ein.	Ein. verð	Samtals
1	Aðstaða á verk tíma				
1.1	Aðstaða, varsla og varnir	1	heild	_____	- kr.
1.2	Verkpallar	1	heild	_____	- kr.
Samtals Aðstaða flutt á Tilboðsblað					- kr.
7	Frágangur utanhúss				
7.1	a) Niðurtekt á búnaði og uppsetning	1	heild	_____	- kr.
	b) Taka niður eldri niðurfallsrör eða verja fyrir málun og setja upp aftur	130	m	_____	- kr.
7.2	Háprýstipvottur	2.695	m ²	_____	- kr.
7.3	Múrviðgerð á lausri pússningu flata	150	m ²	_____	- kr.
7.4	Múrviðgerð á köntum með tilbúinni múrviðgerðarblöndu þykkt á viðgerð um 50 - 150 mm	220	m	_____	- kr.
7.5	Endurfúgun þensluskila	21	m	_____	- kr.
7.6	Viðgerð á sprungum með tilbúnum múr	150	m	_____	- kr.
7.7	Viðgerð á sprungum með teygjanlegu fúgufylliefni og tilbúnum múr	163	m	_____	- kr.
7.8	Viðgerð á sprungum með ídælingu þéttiefna og tilbúnum múr	40	m	_____	- kr.
7.9	Hreinsa lím / kitti af steiptum fleti	7	m ²	_____	- kr.
7.10	Viðgerð á ryðpunktum	35	stk	_____	- kr.
7.11	Fúgun milli gluggakarms og steins	500	m	_____	- kr.
7.12	Fúgun milli blikk vatnsbrettis og trés undir gluggum	200	m	_____	- kr.
7.13	Toppfylling á gluggum	900	m	_____	- kr.
7.14	Endurnýjun járna á gluggum 80x80x9mm á eldri byggingu	928	stk	_____	- kr.
7.15	Endurnýjun á þakáfellum h=150mm	40	lm	_____	- kr.
7.16	Lagfæringar á steiptum tröppum við NA-inngang	1	stk.	_____	- kr.
7.17	Endurnýjun / blýmenja skrufur á vatnsbrettum	1500	stk.	_____	- kr.
7.18	Lofræsihús að norðan - nýtt net undir hatt	4	m ²	_____	- kr.
7.19	Rakaskemmdir á innveggjum við innganga	6	m ²	_____	- kr.
Samtals Frágangur utanhúss flutt á Tilboðsblað					- kr.
8	Málun utanhúss				
8.1	Málun steinflata				
	Liður a) hvítt	1.857	m ²	_____	- kr.

	Liður b) litað	838	m ²		- kr.
8.2	Málun með þykkmálningu á láréttum flötum á bitum	374	m		- kr.
8.3	Sílanböðun flata	2.695	m ²		- kr.
8.4	Endurmálun glugga og hurða úr timbri				
	Liður a) Gluggar	4.259	m		- kr.
	Liður b) Timburhurðir (ca.bxh = 1.200x2.200 mm)	6	stk		- kr.
8.5	Málun glugga og hurða við innganga				
	Liður a) norðausturinnangangur eldri bygging	1	heild		- kr.
	Liður b) vestur aðalinngangur	1	heild		- kr.
	Liður c) suðurinnangangur	1	heild		- kr.
	Liður d) mið-anddyri sunnan eldri bygging	1	heild		- kr.
	Liður e) austari anddyri sunnan eldri bygging	1	heild		- kr.
8.6	Endurmálun á timburklæðningu undir skyggni við suðurinnangang	3	m ²		- kr.
8.7	Málun tréverks og járnns á handriði				
	Liður a) tréverk norðvestur við kjallarainngang hxd=70x10	26	m		- kr.
	Liður b) járn norðaustur við inngang				
	flatjárn handrið	7	m		- kr.
	festingarjárn (prófíl)	9	m		- kr.
	Liður c) járn norðvestur við aðalinngang				
	flatjárn handrið	12	m		- kr.
	festingarjárn (prófíl)	5	m		- kr.
8.8	Endurmálun timburpalla við innganga	18	m ²		- kr.
8.9	Málun timburkants við þakkantarklæðningu b=ca.50mm	93	m		- kr.
8.10	Mála eldri niðurfallsrör	24	m		- kr.
8.11	Málun hatts og stálhurð á loftræsihúsi að norðan	5	m ²		- kr.
Samtals Málun utanhúss flutt á Tilboðsblað					- kr.
9	Viðbótarverk				
	Iðnaðarmenn	200	Klst		- kr.
	Verkamenn	200	Klst		- kr.
Samtals Viðbótarverk flutt á Tilboðsblað					- kr.
HEILDARKOSTNAÐUR með VSK					- kr.

E-01 VERKSAMNINGUR

#(heiti verks)#

VERKSAMNINGUR

V – 0#xxx

MÁNUÐUR 200#

VERKKAUPI:

HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKTAKI:

NAFN VERKTAKA

SAMNINGSAÐILAR

Verkkaupi:

Háskóli Íslands
Sæmundargötu 2
101 Reykjavík

Verktaki:

Nafn
Heimili
Póstfang
Kt.
Símar:
Fax:
Netfang:

1. GREIN

VERKEFNI

#(Hér skal lýsa verkefninu í fáum orðum. Þetta skal gera áður en útboðsgögn eru afhent.)#

2. GREIN

SAMNINGSGÖGN

Verkið skal unnið í samræmi við þennan samning og eftirtalin gögn:

- Útboðsgögn, eins og þau eru tilgreind í grein 0.3.1 í útboðs- og samningsskilmálum nr. 15059
- Tilboðsblað verktaka dags. _____ 2011 ásamt útfylltri og yfirfarinni (leiðréttri) tilboðsskrá, sem er **fylgiskjal A** með samningi þessum.
- Bréf um staðfestingu á töku tilboðs dags. _____ 2011 sem er **fylgiskjal B** með samningi þessum.
- Verktryggingu frá #(*nafn tryggingarfélags/viðskiptabanka*)# dags. _____ 2011 að fjárhæð kr. _____ sem er **fylgiskjal C** með samningi þessum.
- Verkáætlun (tíma- og greiðsluáætlun) sem er **fylgiskjal D** með samningi þessum.
- Fundargerðir skýringafunda milli verkkaupa og verktaka áður en verksamningur er undirritaður, hafi slíkir fundir farið fram, **fylgiskjal E**.
- Grunnur að verkmöppu gæðakerfis, sem verktaki leggur fram fyrir undirritun verksamnings.

Framantalin gögn eru hluti þessa samnings.

3. GREIN

SAMNINGSFJÁRHÆÐ

Samanburður tilboða byggðist á samtölu aðaltilboðs og tilboðs í aukaverk, eins og fram kemur í kafla 0.4.1 í útboðs- og samningsskilmálum. Fjárhæð verksamnings miðast hins vegar eingöngu við fjárhæð aðaltilboðs, en tilboð í aukaverk telst umsamið endurgjald fyrir aukaverk, ef til þeirra kemur og ákveðið verður að notast við einingarverð í stað fasts tilboðs fyrir viðkomandi aukaverk. Samningsfjárhæð er, samkvæmt tilboði verktaka og með leiðréttingum samkvæmt ákvæðum útboðsgagna:

kr. _____ með virðisaukaskatti

skrifað, _____

4. GREIN

FRAMKVÆMDATÍMI

Framkvæmdatími hefst strax og tilboði hefur formlega verið tekið og skal verkinu vera að fullu lokið eigi síðar en „xx.xx.xxxx.“.

5. GREIN

ÁGREININGSMÁL

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi *Reykjavíkur*

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, _____

F.h. Háskóla Íslands

F.h. Verktaka

E-02 VERKTRYGGING**Yfirlýsing um verktryggingu**

(númer tryggingar)

„Nafn tryggingafélags eða banka“, lýsir því hér með yfir, að **„félagið eða bankinn“** ábyrgist Háskóla Íslands, kt: 600169-2039, sem verkkaupa, greiðslu á allt að kr. **„fjárhæð tryggingar í tölustöfum“**, **„í bókstöfum“** sem tryggingu fyrir því, að **„nafn verktaka“** kt:, inni af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki við framkvæmd verksins **„heiti verks, heimilisfang o.fl.“** í samræmi við útboðs- og samningsskilmála, verksamning og þau gögn sem þar eru talin upp sem samningsgögn auk viðauka við samning.

Verktrygging þessi miðast við 15% af samningsfjárhæð, í samræmi við ákvæði í verksamningi, og stendur óbreytt til loka framkvæmda, en lækkar þá í 4% af samningsfjárhæð að viðbættum viðaukum við samning og verðbótum, ef verksamningur er verðbættur, og stendur þannig næstu tólf mánuði frá dagsetningu heimildar verkkaupa til lækkunar tryggingarinnar og skal slík heimild gefin út innan 10 daga frá því að lokaúttekt fór fram á verkinu.

Háskóla Íslands getur krafðið **„nafn tryggingafélags eða banka“** um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, án undangengis dómsúrskurðar, telji hann það nauðsynlegt til að ljúka verki eða verkhluta eða bæta galla sem fram hafa komið á verki verktaka. Einnig til greiðslu á hverskonar kostnaði sem verkkaupi verður fyrir vegna vanefnda verktaka á ákvæðum verksamningsins svo og til endurgreiðslu á ofgreiddum verklaunum.

Staður, dagsetning, ár**Nafn tryggingafélags eða banka****Undirskrift og stimpill**

E-03 VERKMAPPAN GÆÐAKERFIS

Grundvallarkröfur sem gerðar eru til verkmöppunnar

Markmið með gæðakerfi verktaka er að auka hagkvæmni og skilvirkni framkvæmdarinnar. Í upphafi verks leggur verktaki fram grunn að verkmöppunni og skal hann samþykktur af verkkaupa áður en skrifað er undir verksamning. Meðan á framkvæmdum stendur verða til skjöl sem fara í verkmöppuna. Í lok framkvæmda er fullbúin verkmappan afhent verkkaupa.

Í grunni að verkmöppu skal gerð grein fyrir stjórnkerfi verksins. Þegar verktaki leggur fram grunn að verkmöppunni skal hann gera grein fyrir verklagi sínu við:

- skjalastýringu
- póst inn og út
- móttöku og dreifingu teikninga
- móttöku efnis
- meðhöndlun frávika og úrbóta
- auka- og viðbótarverk
- nýja greiðsluliði
- innra eftirlit með einstökum verkþáttum
- verkþáttarýni

Við upphaf framkvæmda skal verktaki leggja fram gögn sem sýna hvernig hann hyggst standa að verkþáttarýni og innra eftirliti með framkvæmd einstakra verkþátta. Hér er ekki átt við að hann lýsi í smáatriðum framkvæmd hvers verkþátta, heldur hvernig hann hyggst standa að undirbúningi framkvæmdar við verkþáttinn (með verkþáttarýni). Á sama hátt lýsi hann hvernig hann ætlar að haga innra eftirliti sínu, hvaða eyðublöð hann ætlar að nota o.þ.h.

Verktaki útbúi eftirlitsáætlun vegna verksins í samráði við eftirlitsaðila verkkaupa. Þar komi fram hvað skal gera, hvernig, hvenær, hvaða kröfur skal uppfylla og hver ber ábyrgð á viðkomandi verkþætti.

Við lok framkvæmda skal verkmappan innihalda sögu verksins. Þar kemur m.a. fram:

- Fullnægjandi gögn um allt efni sem notað var við framkvæmdina, og krafist var gagna um.
- Ábyrgðarskírteini af öllu efni sem ábyrgð er gefin á.
- Útfyllt eyðublöð úr innri úttektum verktaka, skv. eftirlitsáætlun hans.
- Fullnægjandi niðurstöður allra fyrirskrifaðra prófana.
- Úttektarvottorð, eins og krafist er, frá þeim opinberu aðilum sem hlut eiga að máli.
- Upplýsingar um breytingar á útfærslum miðað við teikningar.
- Rekstrarhandbækur kerfa ef farið er fram á þær í útboðsgögnum.